

Skrifstofa skattamála
Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Lindargata 7, 101 Reykjavík

Umsögn um drög að reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi

Loftslagsskrá Íslands (e. International Carbon Registry) var stofnuð 2020 í þeim tilgangi að skapa umgjörð fyrir kolefnisjöfnun fyrirtækja og stofnana hér á landi í takt við alþjóðlegar kröfur. Loftslagsskrá býður upp á rafræna skráningu loftslagsverkefna og útgáfu kolefniseininga. Skráin virkar einnig sem skráningargrunnur fyrir stofnanir og fyrirtæki til að halda utan um kolefniseiningar sínar til að veða upp á móti losun sinni á áhrifaríkan og gagnsæjan máta með kolefnisjöfnun. Rafræn skráning og útgáfa kolefniseininga er lykilatriði fyrir skilvirkni og trúverðugleika kolefnisjöfnunar. Þeir sem vilja skrá loftslagsverkefni í Loftslagsskrá og gefa út kolefniseingar þurfa að uppfylla ítarlegar kröfur í samræmi við alþjóðlegar meginreglur til loftslagsverkefna. Loftslagsskrá er ekki aðeins fyrir íslensk loftslagsverkefni heldur loftslagsverkefni um allan heim. Loftslagsskrá skráir stöðu innleiðingar loftslagsverkefna, hvaða aðferðafræði er beitt, skjölum, fullgildingu verkefna og sannprófun á árangri, landfræðilega staðsetningu og mörk verkefna, væntur árangur, raunverulegur árangur o.fl. Einnig má rekja má eignarhald, millifærslur og afskráningu (e. retirement) kolefniseininga til að stuðla að gagnsæi, rekjanleika og koma fyrirbyggja tvöfalt bókhald (e. double counting). Allar kolefniseingar er auðkenndar með einkvæmu raðnúmeri og staða eininga endurspeglast í líftíma verkefnisins, þ.e. útgefin, óvirk, virk og afskráð. Skráningargrunnurinn skjalir og skráir allar færslur, eignarhald og afskráningu kolefniseininga þegar þær eru notaðar í tilgangi kolefnisjöfnunar.

Vísað er til draga að reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi (drögin) og ákvæða 2. og 3. mgr. 16. greinar. Í 2. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi fram:

Skilyrði fyrir frádrætti skv. b-lið 15. gr. er að þær aðgerðir lögðila sem veitir viðtöku gjöfum og/eða framlögum stuðli að kolefnisjöfnun, sbr. 6. tölul. 3. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál. Hér undir fellur uppgræðsla auðna og illa farins gróðurlendis, sandgræðsla, endurheimt votlendis og landgæða og aðrar hliðstæðar aðgerðir, t.a.m. skógrækt þó ekki nytjaskógrækt í atvinnuskyni og bætt landnotkun. Jafnframt fellur hér undir niðurdæling koldíoxíðs í berggrunn til myndunar steinda, sbr. 24. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og verkefni sem fela í sér föngun og förgun gróðurhúsalofttegunda, sbr. 4. tölul. 3. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Á Kyoto tímabilinu þróuðust kolefnismarkaðir fyrst undir Clean Development Mechanism en þeir hafa svo þróast mikið og eru nú að stækka ört. Kolefnismörkuðum var ætlað að auðvelda

fjármögnun loftslagsverkefna með kolefnisjöfnun. Ýmis aðferðafræði hefur þróast og er jafnan skipt í eftirfarandi geira (sectors):

1. Energy industries (renewable - / non-renewable sources)
2. Energy distribution
3. Energy demand
4. Manufacturing industries
5. Chemical industries
6. Construction
7. Transport
8. Mining/mineral production
9. Metal production
10. Fugitive emissions from fuels (solid, oil and gas)
11. Fugitive emissions from production and consumption of halocarbons and sulphur hexafluoride
12. Solvent use
13. Waste handling and disposal
14. Afforestation and reforestation
15. Agriculture
16. Carbon Capture and Storage / Carbon Removal

Mismunandi aðferðafræði hafa svo þróast undir hverjum geira og telja samtals hátt í 300 alþjóðlega

Eins og orðalag 2. mgr. er sett fram virðast aðeins flokkar 14-16 falla undir ákvæðið. Það er mikil nýsköpun í gangi hérlendis og erlendis í lausnum sem falla undir aðra geira og mikilvægt að breyta orðalaginu þannig að allir geirar falli undir ákvæðið.

Í 3. mgr. 16. gr. kemur fram:

Frekari skilyrði fyrir frádrætti skv. 1. og 2. mgr. er að móttakandi gjafa og/eða framlaga hafi gefið út staðfestingu til gefanda og sýni fram á með sannanlegum hætti að sú aðgerð sem um ræðir stuðli að kolefnisjöfnun, sbr. 6. tölul. 3. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál eða falli undir a-g lið 17. gr. Staðfestingu og önnur gögn skv. 1. másl. skal varðveita í bókhaldi móttakanda og gefanda sé hann bókhaldsskyldur skv. lögum um bókhald, nr. 145/1994. Framangreindum aðilum er skylt að láta skattfyrvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og varða þær aðgerðir sem um ræðir í þessari grein.

Á Kyoto tímabilinu þar sem framangreindar aðferðir þróuðust voru leikreglur hvað snertir framkvæmd kolefnisjöfnunar einnig mótaðar. Þar er mikilvægt að hafa í huga að hvernig móttakandi gjafa og/eða framlaga gefi út staðfestingu og sýni með sannanlegum hætti að aðgerð stuðli að kolefnisjöfnun. Alþjóðlega hefur mikið verið rætt um tví- eða margtalningu árangurs. Í því sambandi þróuðust kolefniseiningar sem er mælikvarði á árangur, mældur í tonnum af ígildi koldíoxíðs (t CO₂-e). Magn þeirra fyrir hvert verkefni ákvarðast af áætluðum árangri og svo raunverulegum árangri sem er mældur í samræmi við þá aðferðafræði sem beitt er. Til þess að staðfesta raunverulegan árangur er svo óháður vottunaraðili fenginn til þess að taka út og

staðfesta. Þegar árangur hefur verið staðfestur er svo unnt að skrá verkefni og gefa út kolefniseiningar í miðlæga kolefnisskrá. Einingarnar sem gefnar eru út eru einkvæmar og því unnt að fyrirbyggja tvítalningu og sá sem heldur fram kolefnisjöfnun getur sýnt fram á hana með sannanlegum hætti með afskráningu kolefniseininga á móti losun sem á að jafna fyrir. Hvað snertir 2. og 3. másl. þá eru kolefnisskrár opnar almenningi og geta skattayfirvöld nálgast allar upplýsingar um verkefni og þær einingar sem gefnar hafa verið út og notaðar í kolefnisskrá og jafnframt hver hefur nýtt þær til kolefnisjöfnunar.

Engin önnur leið til framkvæmdar kolefnisjöfnunar hefur rutt sér til rúms alþjóðlega sem hefur verið viðurkennd. Það er mikilvægt að ákvæði 3. mgr. sé afdráttarlaust hvað snertir staðfestingu og hvernig er sýnt er fram á með sannanlegum hætti að aðgerðin stuðli að kolefnisjöfnun þannig að stuðlað sé að gagnsæi, trúverðugleika og tvítalning sé fyrirbyggð.

Virðingarfyllt,



Guðmundur Sigbergsson
Framkvæmdastjóri Loftslagsskrár.